


Borgarbyggð
Sigurður Páll Harðarson
Borgarbraut 11
310 Borgarnes



UST

Umhverfisstofnun

30. janúar 2004

Tilvísun: UST20031200095/óá

Deiliskipulag í landi Ánabrekku, Borgarbyggð

Vísáð er til bréfs Umhverfisstofnununar til bæjarverkfræðings Borgarbyggðar, dags. 19. desember sl., þar sem óskað var eftir afriti af ofangreindri tillögu að deiliskipulagi íbúðarhúss og bátaskýlis í landi Ánabrekku. Stofnuninni barst afritið, ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar bann 7. janúar sl.

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina:

Vegagerð og íbúðarhús

Samkvæmt ofangreindri skipulagstillögu er ætlunin að reisa einbýlishús sunnan s.k. Fossaborgar. Vegtenging að húsinu frá þjóðvegi mun liggja sunnan í holtinu. Ljóst er að kjarrlendi og jafnvel myrlendi mun raskast við vega- og húsagerð, þó ekki sé hægt að ákvarða umfang þessarar röskunar á mismunandi gróðurlendi af skipulagstillögum. Umhverfisstofnun bendir á að í svæðisskipulagi Mýrarsýslu er lögð sérstök áhersla á verndun kjarr- og myrlendis. Í umfjöllun um frístundabyggð og hverfisvernd kemur þetta skýrt fram. Í umfjöllun um frístundabyggð segir m.a.

"Þegar fristundabyggðir eru í kjarrlendi er mikilvægt að í skipulagsskilmálum séu ákvæði um verndun trjágróðurs og val tegunda á trjáplöntum. Þegar fyrirhugað er að reisa fristundabyggðir á svæði sem eru að hluta til myrlend, skal gæta þess að hafa byggingarreiti á burrlendum stöðum og forðast alla burrkun." (svæðisskipulag Mýrarsýslu bls. 55)

Umhverfisstofnun telur að þó hér sé um deiliskipulag einbýlishúsalóðar að ræða megi heimfæra umfjöllunina hér að framan um frístundabyggð yfir á þetta deiliskipulag (sbr. einnig ábendingar Skipulagstofnunar í þá veru í bréfi til bæjarverkfræðings Borgarbyggðar dags. 20. október sl.). Hér er um byggingu staks húss utan skilgreindra þéttbýliskjarna að ræða. Bygging þess og tengdar framkvæmdir munu raska náttúrulegri ásýnd svæðis sem hefur verndargildi í nágildandi skipulagi á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í lögum um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, sem eru þrír hektarar eða stærri, sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim svo sem kostur er. Ekki er þó ljóst hvort heildarumfang mýrarsunda í nágrenni þessa skipulags nái þessari stærð.

Til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru um vernd þessa svæðis telur stofnunin að breyta skuli eftirfarandi þáttum í skipulagsskilmálum:

Vegagerð

- Við vegagerð skuli þess gætt að framkvæmdasvæði sé afmarkað þróngt og forðast sé að raska myrlendi

Umgengni, frágangur og plöntuval

- Umhverfisstofnun telur það ekki í samræmi við svæðisskipulag eða lög um náttúruvernd að leyfa ruðning og sléttun lóðar heldur skuli viðhalda náttúrulegri ásýnd svæðisins og þess gætt að raska ekki gróðri umfram það sem brýn nauðsyn ber til. (sbr. ákvæði svæðisskipulags sem fram koma hér að ofan og í samræmi við ákvæði 39. gr. laga um náttúruvernd þar sem segir: *Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.*)
- Í skipulagsskilmálum kemur fram að við plöntuval skuli leyft að plöntun allra innlendra plöntutegunda leyfð. Þessu til viðbótar fer stofnunin fram á að skilyrði verði sett um að taka verði mið af grenndargróðri við gróðursetningu, reynist hún nauðsynleg.

Bátaskýli

Auk íbúðarhúss og vegagerðar er gert ráð fyrir bátaskýli við ósa Langár. Langárósar eru á náttúruminjaskrá.

Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:


Langárós, Borgarhreppi, Mýrasýslu. (1) Langárós frá mynni, upp með Langá að Skuggafossi. (2) Langárós er einn lengsti og frjósamasti árós landsins.

Stofnunin telur að fyrirhugað bátaskýli eins og því er lýst í skipulagi muni ekki raska verndargildi óssins. Hins vegar bendir stofnunin á að staðsetning mannvirkis svo nálægt ströndinni mun óhjákvæmilega skerða aðgengi almennings meðfram henni. Bendir stofnunin á að í III. kafla laga nr 44/1999 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um almannarétt, umgengni og útivist, kemur fram að tryggja skuli aðgengi almennings, m.a. meðfram ströndum og vötnum. Bakkinn þar sem fyrirhugað bátaskýli á að standa er afar brattur. Því telur stofnunin líkur á að aðgengi almennings meðfram honum verði skert. Því fer stofnunin fram á að sett verði skilyrði um að áframhaldandi aðgengi verði tryggt með einhverjum leiðum þegar skýlið er reist.

Virðingarfyllst,



Olafur Árnason



Gunnar S. Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun